20.2.2015

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 17. febrúar sl. var eftirfarandi bókað:

416. mál.
„Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra gefi árlega út leiðbeinandi reglur til sveitarstjórna, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um framkvæmd fjárhagsaðstoðar auk viðmiðunarfjárhæða fyrir fjárhagsaðstoð. Jafnframt verði sveitarstjórnum heimilað að setja í reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar um virka atvinnuleit sem einstaklingur, sem telst vinnufær að hluta eða fullu, skal uppfylla til að eiga rétt á grunnfjárhagsaðstoð og/eða fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna.“

Sveitarstjórn samþykkti að mæla með að frumvarpið verði samþykkt.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is